

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/401
komudagur 3.12.2009



2009110057
9140

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 -10
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2009
/--

Efni: Tillaga að þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009- 2013. Umsögn Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun barst erindi frá Umhverfisnefnd Alþingis með tölvupósti 19. nóvember 2009, þar sem stofnuninni er send ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar.

Skipulagsstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Í kafla um friðlýsingu vistgerða er lagt til að tvær vistgerðir á hálendi Íslands verði verndaðar, með með vísun í 53. gr. laga um náttúruvernd. Þjósárver sé annað þeirra svæða sem á að stækka til að auka friðun rústamýrarvistar og þá með vísun í 3. tölulið 53. gr. laganna. Skipulagsstofnun teldi æskilegt að stækkun friðlands Þjósárvera gangi jafnframt út á friðlýsingu skv. 1. tölulið 53. gr. Forsendur stækkunarinnar yrðu þá í samræmi við þær sem þegar hafa verið lagðar til grundvallar núverandi friðlandi. Skipulagsstofnun telur að ef fyrirhuguð stækkuð friðlandsins byggir bæði á 1. og 3. tölulið 53. gr. laga um náttúruvernd yrði friðun alls svæðisins heildstæðari og sterkari. Skipulagsstofnun bendir á að forsendur verndunar geta skipt máli við vinnu á mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Í kafla um jarðfræðisvæði, þar sem lagt er til að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst og fellt inn í Vatnajökulsþjóðgarð, telur Skipulagsstofnun að mætti rökstyðja betur forsendur friðlýsingarinnar með vísun m.a. í 1. tölulið 53. gr. laga um náttúruvernd, þar sem m.a. er fjallað um friðlýsingu landsvæða sem mikilvægt er að varðveita sökum sérstaks landslags. Skipulagsstofnun telur að það hljóti að skipta máli að í tillöguna sjálfa komi fram þau rök að markmið verndunarinnar sé að stykja jarðfræðilega heild sem sé einstök á heimsvísu. Skipulagsstofnun áréttar það sem fram hefur komið hér að framan að forsendur verndunar geta skipt máli við vinnu á mati á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Í kafla tillögunnar um Náttúruverndaráætlun 2014-2018 kemur fram að leggja þurfi áherslu á þá þætti sem hingað til hafi orðið útundan í undirbúningi áætlanna og friðlýsinga og þar m.a. vísað til að lítið hafi verið unnið í friðlýsingum í hafi og mikilvægi háhitasvæða fyrir líffræðilega fjölbreytni. Skipulagsstofnun bendir á að ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið

að staðfesta eigi Landslagssáttmála Evrópu, með það að markmiði að vernda landslagsheildir og ósnortin víðerni. Skipulagsstofnun telur því brýnt að huga þegar að friðlýsingu með verndun landslags og víðerna að markmiði. Engin svæði eru nú friðlýst sem ósnortin víðerni og sífellt er gengið á víðernin með framkvæmdum af ýmsum toga, þrátt fyrir að víðerni sé sérstaklega skilgreint hugtak í lögum um náttúruvernd.

Skipulagsstofnun vill einnig benda á mikilvægi þess að verndarsvæði verði hnitsett og helst afmörkuð á loftmyndagrunni sem verði aðgengilegur. Nákvæm afmörkun verndarsvæða skiptir máli við skipulagsvinnu og þegar tekin er afstaða til þess hvort tiltekna framkvæmdir heyri undir lög um mat á umhverfisáhrifum.


Rut Kristinsdóttir